


DALALÆÐAN

1.tbl. 10.árg. Febrúar 1997.



Víghóll í Msfellsdal

**10 ÁRA
AFMÆLISBLAÐ**

Leiðari

Ekki hefur tíðkast að skrifa leiðara í þetta árlega dalbúablað en þar sem bæði blaðið og félagið fagna tíu ára afmæli sínu um þessar mundir verður vart undan því vikist..

Í fyrsta blaðinu sem aðeins var fjórar síður stóð skrifað:

„Þessu fyrsta tölublaði Dalalæðunnar verður lætt inn á hvert heimili í Mosfellsdal. Ekki hefur verið ákveðið hve oft blaðið kemur út - það ræðst af viðbrögðum lesenda. ... Gaman væri ef hægt verður að koma útgáfunni á fastan grundvöll og það er pottþétt að það er til nóg efni í svona blað ef menn róta svolítið í heilabúinu sínu.“

Það er skemmst frá því að segja að viðbrögð Dalbúa við Dalalæðunni hafa verið fádæma góð. Menn hafa verið ófeimnir við að róta til í heilabúinu sínu og leggja til efni í blaðið. Strax myndaðist sú hefð að gefa Dalalæðuna út fyrir árlegt þorra-blót Víghóls og nú er blótið í nánd.

Að þessu sinni er óvenju mikið efni í blaðinu enda um 10 ára afmælisrit að ræða og sem fyrr eru það bæði dalbúar og aðrir sem leggja til efni í blaðið, Dalalæðan er greinilega komin til að vera.

Dalbúar! Fögnum nú 10 ára afmæli félags og blaðs og höldum í Harðarhól!

Bjarki Bjarnason

DALALÆÐAN 1. tbl. 10. árg. Febrúar 1997.

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Umbrot: Hlynur Helgason.

Forsíðumynd: Auður Eiríksdóttir.

Efni

Merkisafmæli um þessar mundir . . .	3
Þeir halda hópinn og hlæja datt . . .	4
Gamlar vísur um Mosfellinga	4
Mosfellsk fyndni	5
Minning Guðjónu Benediktsdóttur . .	6
Dalvísur 1996	7
Minning Kristínar Árnadóttur	8
Örnefni	9
Brot úr dalbrennusögu	10
Úr gömlu bréfi	11
Sumarið í dalnum 1942	12
Aðalfundur Víghóls	14
Hvað á áin að heita?	15
Landsynningur með steypiskúrum . .	16
Hytta	18
Gömul auglýsing	19
Annáll ársins 1996	Baksíða

VÍÐSMÍÐJAN
SVEINN HF.
 FLUGUMÝRI 6 - MOSFELLSBÆ
 Sími 566-6705 - Símbóði 984-61705

TANNLÆKNASTOFA
GUÐJÓNS S. VALGEIRSSOAR

Urðarholti - Sími 566 6992

Merkisafmæli um þessar mundir

Jóhann Jónsson í Dalsgarði verður 80 ára þ. 16. apríl.

Svava Elíasdóttir í Víðigerði varð 75 ára þ. 20. janúar.

Salóme Þorkelsdóttir í Reykjahlíð verður 70 ára þ. 3. júlí.

Brennukóngur Dalbúa, Guðvarður Hákonarson, varð fimmtugur þann 10. desember síðastliðinn og Erna Kjartansdóttir verður fimmtug þann 30. ágúst.

Pétur Jökull Hákonarson á Brávöllum verður 50 ára þ. 5. júlí.

Birgir Sigurðsson frá Reykjadal verðugur fimmtugur þ. 10. nóvember.

Ómar Runólfsson á Laugabóli 2 fyllir sömuleiðis 5. tuginn, á Þorláksmessu.

Til hamingju gott fólk!

Þá má geta þess að Félag Dalbúa Víghóll varð 10 ára síðastliðið haust. Félagið var stofnað í Reykjadal þann 15. nóvember 1986 og mættu um 40 manns á stofnfundinn. Í fyrstu fjórn félagsins sátu:

Bjarki Bjarnason, Hvirfli, formaður.
Guðrún Karlsdóttir, Sigtúni, gjaldkeri.
Fróði Jóhannsson, Dalsgarði, ritari.

Dalabúar og aðrir munu fagna þessum tímamótum á þorablótinu í Harðarbóli þ. 8. febrúar. Snorri Gíslason frá Brekkukoti kvað:

Nú við mælum okkur mót
já hlustið Dalbúar!
Í Harðarbóli er þorablót
þann áttunda febrúar.

Síðast en ekki síst má geta þess að Dalalæðan fagnar einnig tíu ára afmæli sínu um þessar mundir.

SS GÍSLASON
VIÐGERÐIR H.F.
SMIDSHÖFÐI II

SÍMI: 587 2060

Reykjabúið
SÍMI 566 6800 – FAX 566 8089

Þeir halda hópinn og hlæja dætt

(brot úr háskólaritgerð um Mosfellsdal)

Dalalæðunni hefur borist í hendur ritgerð um Mosfellsdal sem skrifuð var við kennaradeild Háskólans á Akureyri (Mosfellsdalur, útg. 1995). Höfundar eru þær Margrét Árnadóttir og Guðrún S. Hjartardóttir. Hér er um að ræða býsna fróðlegan lestur fyrir Dalbúa en meðal annars er fjallað um alla bæina

í dalnum og síðan er einnig sagt frá dalnum almennt. Hér fer á eftir stuttur kafli úr ritgerðinni:

Í ferðabók sinni lýstu Eggert og Bjarni íbúum Kjósarsýslu sem stórvöxnum og vel á sig komnum. Þeir þóttu þó nokkuð fölleitir. Töldu Eggert og Bjarni það stafa af því að þeir stunduðu sjóinn og þurftu að pola regn og sjó. Uppsveitarbúar þóttu þó hraustlegri og betur útlitandi en þeir sem bjuggu við sjávarsíðuna.

Kjósarsýslubúar þóttu ekki glaðlyndir, heldur tómlátir, ómannblendnir og ekki skemmtanahneigðir. Þar var sagnalestur minna ræktaður en lengra inni í landinu.

Á þessu má glöggst sjá að margt hefur breyst frá því á 18. öldinni. Dalbúar stunda ekki lengur sjóinn heldur stunda þeir margs konar störf í landi. Einnig þykja þeir nú fremur glaðlyndir og eru allt annað en tómlátir og ómannblendnir. Skemmtanir stunda þeir af kappi og eru haldin þorrablót dalbúa og árshátíðir.

Af þeim heimildum sem við höfum lesið má sjá að miklil samskipti hafa verið á milli íbúanna í dalnum, t.d. talar Halldór Laxness mikið um samgang fjölskyldunnar í Laxnesi og fólks á öðrum bæjum í dalnum. Oft hafa heilu fjölskyldurnar búið þarna kynslóð eftir kynslóð. Má þar nefna Hraðastaði sem nú eru orðnir fjórbylí og enn býr þar sama fjölskyldan og

Gamlar vísur um Mosfellinga

Áður fyrr gengu manntalslistar frá sóknarprestinum á Mosfelli um sveitina. Þegar listinn kom til baka úr hringferð sinni eitt árið höfðu eftirfarandi vísur verið ritaðar aftan á skrána:

Lista þennan röskur reit
rækir helgra tíða.
Mannval er í Mosfellssveit
misjafnt, - eins og víða.

Misjöfn staða manna er
misjafnt vit og dugur.
Sálar teljast hafa hér
hundrað fern og tugur.

Eins og sjá má á seinni vísunni voru Mosfellingar einungis 410 að tölu. Hvenær skyldu vísurnar hafa verið orktar? Hver var sálnahirðir Mosfellinga um þær mundir? Veit einhver hver orkti?

GSJ

Halldór talar um í æskuminningum sínum.

Í dag virðist þessi miklu samskipti og samheldni einkenna dalbúa. Til marks um það má nefna að þar er gefið út sérstakt tímarit sem nefnist Dalalæðan. Á sameiginlegum skemmtunum íbúa Mosfellsbæjar er sérstaklega áberandi hversu dalbúarnir halda hópinn og hlæja dátt.

Hestamennska er mikið stunduð í Mosfellsdal og tengir það íbúana enn frekar saman og í félagsskap hestamannafélagsins Harðar í Mosfellsbæ eru dalbúar mjög áberandi.

Íbúafjöldinn í Mosfellsdal hefur í gegnum tíðina haldist nokkuð stöðugur allt frá á okkar daga. Í manntalinu 1703 var íbúafjöldinn 63, árið 1801 var hann 74 og árið 1845 bjuggu þar 72 en á seinni árum hefur íbúum þar fjölgað um ríflega helming og eru nú um 150.

Er þetta í samræmi við þá þéttbýlismyndun sem hefur átt sér stað á suð-vesturhorni landsins. Mosfellsdalurinn er nálægt höfuðborginni en samt sem áður er sveitarómantíkin þar enn til staðar.

Mosfellsk fyndni

Stefán Gunnlaugsson hét maður og var land- og bæjarfógeti í Reykjavík skömmu fyrir miðja 19. öld. Hann þótti mjög röggstur og mun hann þekktastur fyrir það að láta útsendara sinn gala með tilheyrandi trumbuslætti um allan bæ: „Íslensk tunga í íslenskum bæ hvað allir athugi!“ Varð hann fyrir aðkasti danskra kaupmanna og embættismanna fyrir vikið.

Einhverju sinni hitti Stefán sóknarprestinn á Mosfelli sem þá var séra Benedikt Magnússon en hann er af sumum talinn fyrirmynd að prestinum í kvæði Einars Benediktssonar, MES-SAN Á MOSFELLI. Stefán skammar nú séra Benedikt fyrir að hafa gift Jónatan nokkurn á Æsustöðum og spúsu hans í forboði. Í þann tíð var öreigum óheimilt að stofna til hjúskapar og Jónatan þótti mikill baslari og var oftast fátækur. En séra Benedikt patar höndum og segir við

landfógeta: „Nono láttekki sona Gunnlaugsen minn - þau eru hjón.“

Á manntali 2. febrúar 1835 voru eftirtaldir búsettir á Æsustöðum:

Jónatan Jónsson 42 ára húsbóndi (fæddur í Glaumbæjarsókn)
Guðrún Jónsdóttir 44 ára kona hans (fædd í Reykjavíkursókn)
Þorsteinn Jónatansson þeirra barn
Lárus Jónatansson þeirra barn
Aldís Jónatansson þeirra barn

Þau hjón eru enn búsett á Æsustöðum samkvæmt manntali árið 1855 en börnin eru horfin úr sókninni.

GSJ

(Heimild þessarar sögu er hið mikla bréfasafn Jóns Sigurðssonar forseta í Þjóðskjalasafni.)

Guðjóna Benediktsdóttir frá Norður-Reykjum

minningarorð

Guðjóna var fædd í Bensahúsi í Garði p. 25. nóvember árið 1909. Foreldrar hennar voru Benedikt Sæmundsson og Hansína Marie Sensíus Karlsdóttir en föður sinn missti hún árið 1914. Var henni þá komið í föstur á heimili í Garðinum.

Hún naut þeirrar barnafræðslu sem skylt var að veita á þeim árum en þess utan voru hugur og hönd þjálfuð til þeirra starfa sem sinna þurfti á hverju heimili. Í litlu sjávarþorpi kynnst börnin snemma fiskvinnslustörfum og sem ung stúlka vann Guðjóna um árabíl á Vífilstaðahæli.

Guðjóna giftist Jóni Zophaníasi Guðmundssyni og hófu þau búskap sinn í Reykjavík en fluttu síðan vestur í Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu, stofnuðu nýbýlið Teigsskóg og bjuggu þar í 12 ár.

Þeim Jóni og Guðjónu var fimm barna auðið en slitu samvistum og fluttu Guðjóna aftur til Reykjavíkur.

Guðjóna réðist sem ráðskona að Norður-Reykjum í Mosfellsdal árið 1946 og þar lágu saman leiðir hennar og seinni manns hennar Jakobs Einars-sonar garðyrkjubónda. Þau gengu í

hjónaband árið 1948 og gerðu heimili sitt að Norður-Reykjum. Þau eignuðust tvo syni Einar Inga og Rúnar sem báðir búa á Norður-Reykjum. Heimilið sem þau Guðjóna og Jakob skópu sér og sínum á Norður-Reykjum var traust og gott sæmdarheimili og mikilli tryggð og ástföstri tók hún við þann stað og hér í Dalnum eignaðist hún góða vini.

Guðjóna var náttúrubarn, og hún hafði yndi af hvers konar ræktun og vísast leit hún á það sem forréttindi að geta sinnt slíku í heimaranni með bónda sínum og börnum. Dalurinn hennar hér sem var vettvangur lífs og framvindu lengstan hluta ævinnar skipaði stóran sess með feegurð sína og sögu.

Guðjóna heitin var hógvær kona og fór aldrei með neina háreysti um sjálfa sig. Með framgöngu sinni og hlyju viðmóti kynnti hún sig vel á meðal granna sinna og samferðarmanna og henni þótti einkar vænt um það samfélag sem hún átti með vinum sínum hér í sveitinni.

Guð blessi minningu hennar

Sr. Jón Þorsteinsson



Bankinn er bakhjarl



BÚNADARBANKINN

Mosfellsbæ, sími 566 7000

Afgreiðslutími: Mánud.-föstud. kl. 9.15-16.00

Dalvísur 1996

Í Tjaldanesi líflegt er
og slegið á léttu strengi.
Því allur dalbúanna her
elskar þessa drengi.

Um prestbústaðinn rifist var
svo fyllti marga fundi.
Með skoðanir býsna ákveðnar
var Björn á Reykjalandi.

Árvangshvuttinn fékk nú nóg
það var ver og miður.
Í hinsta sinn á tók sig vóg
en datt svo dauður niður.

Dalsgarðs-Jói sér ók á krá
til að væta kverkar.
Nokkra bíla bakkaði á
já Lödur eru sterkar!

Frá dýralækni kom hundurinn
sem átti ekkert val.
Næstum át hann fjárstofninn
frá Hreini í Helgadal.

Kirkjugarða þarf að stækka
það virðist vera siður.
Fólkinu því þarf að fækka
og grafa það allt niður!

Umboðsmenn í Mosfellsdal
þar er mikill gróði.
Iveco er okkar val
segir Dalsgarðs-Fróði.

Breytingarnar góðar flestar
og staðreyndin er orðin sú
að á Æsustöðum eru hestar
en Hrísbú orðin félagsbú.

Um áramótin stóð í stappi
brennustjórinn Gutti
þegar einhver FUJI - kappi
eiturefni á brennu flutti.

Snorri Gíslason.



Mosfellsbakarí

Urðarholti 2 - Sími 566 6145

Kristín Árnadóttir frá Varmalandi

f. 6. ágúst 1911 d.1. des. 1996

Kristín eða Kristín Málfríður, eins og hún hét fullu nafni, var fædd á Breiðumýri í Vopnafirði þann 6. ágúst 1911. Foreldrar hennar voru hjónin Hólmfríður Jóhannesdóttir og Árni Árnason bóndi. Hólmfríður, sem var Eyfirðingur að ætt og uppruna og Árni, sem var frá Bakkafirði, voru lengst af búsett á Áslaugarstöðum í Vopnafirði og þar ólst Kristín upp í fjölmönnum og samheldnum systkinahópi.

Kristín fór fermingarárið sitt í vist til séra Jakobs Einarssonar á Hofi og fjölskyldu hans. Dvölin þar var henni góður skóli og heimilisfólkið var henni kært. Þegar Vigfús Einarsson, bróðir séra Jakobs, flutti að Reykjavíð í Mosfellsdal ásamt fjölskyldu sinni fylgdi Kristín þeim eftir. Hún stóð þá á tvítugu. Í Reykjavíð bjó Helgi Tryggvason bókbindari ásamt fjölskyldu sinni. Ungur maður úr dalnum, áhugasamur um bækur, lærði af honum bókband. Þar var kominn Ólafur Óskar Þórðarson frá Æsustöðum, því mikla og rómaða menningarheimili. Þau Ólafur og Kristín felldu hugi saman og gengu í heilagt hjónaband þann 20. október árið 1934. Þau höfu búskap í landi

Æsustaða, stofnuðu þar nýbýli sem þau nefndu Varmaland og byggðu allt upp frá grunni. Foreldrar Ólafs, hjónin Kristín Vigfúsdóttir og Þórður Jónsson bjuggu þá á Æsustöðum, en Hjalti sonur þeirra tók fljótlega við búi ásamt konu sinni Hlíf Gunnlaugsdóttur. Með bræðrunum og fjölskyldum þeirra var mikið og gott samfélag.

Ólafur Þórðarson, sem er látinn fyrir rúmum sjö árum, var mætur maður sem gott er að minnast. Hann var greindur og vel gerður og naut að verðleikum mikils trausts samferðarmanna sinna, var m.a. hreppstjóri hér í sveit og meðhjálpari kirkjunnar. Um hann var sagt að hjartsláttur þessarar byggðar ætti sér aflgjafa í brjósti hans. En Ólafur stóð ekki einn í hjálpssemi sinni og störfum í almannapágu. Á meðan hann var að fyrir aðra vann Kristín heimilinu af miklum dugnaði. Á Varmalandi ráku þau blandaðan búskap, þau voru með kýr og úti- og innirækt, bæði blóm og matjurtir. Frá unglingsaldri var Kristín einstaklega lág og ötul við hannyrðir og saumaskap. Í þeirri iðju var hún sannkallaður listamaður og margir voru þeir, bæði



skyldir og óskyldir sem nutu krafta hennar og gjafmildi.

Snemma á búskaparárum Kristínar og Ólafs lagðist skuggi heilsuleysis yfir Varmaland. Kristín fékk berkla og varð að dvelja langdvölum frá heimilinu. Það var henni og fjölskyldunni ákaflega þungbært. Þá kom sér vel hjálpssemi systra hennar, Jóhönnu og Dagbjartar, og Ólafur bar konu sína á örmum sér. Hjónaband þeirra var gott og farsælt. Þau eignuðust þrjú börn, Þóri, Arnfríði og Ólaf Kristin. Þórir er kvæntur Ingunni Valtýsdóttur. Þau eiga fjögur börn og fjögur barnabörn. Arnfríður, sem lést fyrir tveimur árum, var gift Bruno Hjaltested. Þau eignuðust einn son og þrjú barnabörn. Ólafur Kristinn er kvæntur Þórunni Guðmundsdóttur og eiga þau þrjú börn og tvö barnabörn.

Ólafur og Kristín brugðu búi árið 1964 og fluttu til Reykjavíkur, en Ólafur hóf þá störf á Skattstofunni í Hafnarfirði. Á þeim árum, sem nú fóru í hönd, gátu þau m.a. notið þess að ferðast. Fyrir nær tveimur áratugum tók sjóninni að hraka og þá lagði Kristín frá sér handavinnuna. Að manni sínum látnum bjó hún ein í nálægð barna sinna og hélt sjálfstæði sínu. Það var henni mikil raun þegar dóttir hennar féll frá langt um aldur fram en Arnfríður eða Bíbí eins og hún var kölluð

var henni mikil stoð og stytta. Síðustu missiri dvaldi Kristín á sjúkrastofnunum og mætti hverjum degi með rósemi hugans og æðruleysi.

Kristín Málfríður Árnadóttir var hlý kona og blíð. Hún var vel gefin, bókhneigð og minnug og kunni á mörgu skil. Kristín átti gott með að lynda við aðra og hafði yndi af félagskap, var m.a. vel virk í kvenfélaginu í Mosfellssveit.

Að leiðarlokum fylgja henni þakkir okkar og fyrirbærir.

Sr. Sigfinnur Þorleifsson

Örnefni

Skömmu eftir að Víghóll var stofnaður fyrir tíu árum festi félagið kaup á loftmynd af Mosfellsdal og grennd. Megintilgangurinn með þessum kaupum var að merkja inn á hana örnefni og landamerki úr dalnum. Sú skráning hefur verið í höndum Bjarka Bjarnasonar á Hvirfli sem hefur notið aðstoðar ýmissa Dalbúa.

Þessari skráningu er nú að mestu lokið og er hugmyndin að sýna afraksturinn á þorablótinu. Gestir eru hvattir til að hafa með sér lesglæraugun.

SMUR- OG HJÓLBARÐAR-JÓNTSTA

FYRIR ÖLL FARARTÆKI



MIÐIÐ ÖRVAL VETNARDEKKJA Á LAGER

BAJARDEKK

SMUR- OG HJÓLBARÐAR-JÓNTSTA

BÍLAVERKSTÆÐI

GUÐVARÐAR og KJARTANS



Brot úr dalbrennusögu

Eftir því sem ég kemst næst var áramótabrennan fyrstu árin alltaf við Reykjadal, vestan við hlöðuna sem seinna varð starfsmannahús. Seinna töldu menn það þjóðráð að færa brennuna þangað þar sem væri gott útsýni yfir dalinn og allir gætu virt hana fyrir sér á áramótum. Því var afraðið að færa hana upp á Víghól þaðan sem útsýni er gott. Enginn var þá brennustjórinn enda var ekki búið að finna upp það embætti þá. Þá mátti brenna hverju sem er og fóru sögur af dalbúum sem brugðu sér upp í Skammadal á jeppa, sáu þar kartöfluskúr sem hætt var að nota, bundu hann aftan í bílinn og drógu hann á harðfenni niður að Víghól þar sem logaði glatt í honum á gamlárskvöld!

Í annað skiptið þegar brennan var á Víghólnum birtist Fróði í Dalsgarði með slatta af híldekkjum og setti á köstinn. Ég og frændi minn, Ólafur Andrésson, vorum þá smáþjakkar og fylgdumst vel með söfnuninni og vorum sérstaklega hrifnir af dekkjunum frá Fróða. Við reyndum að láta þau rúlla niður brekkuna og það gekk mjög vel - þangað til eitt dekkið skoppaði á mikilli ferð í gegnum gróðurhúsið hjá Jóel í Reykjahlíð! Þegar að því kom að kveikja í kestinum var leiðindaveður og fáir komu á staðinn. Þetta var fyrir meira en tuttugu árum og við Víghól var leikið á lúðra í fyrsta skipti við brennu hér í dalnum. Hljóðfæraleikararnir voru aðeins tveir, þeir Þorkell og Bjarki sem spiluðu undir hjá

norðanvindinum sem söng og gnauðaði án afláts. Seinna átti hljóðfæraleikurunum eftir að fjölga verulega í hljómsveitinn og áheyrendum sömu leiðis.

En enn þá voru þetta hálfgerð vandræði með brennustæðið, það þurfti að finna einhvern stað þar sem allir gátu komist að. Eitt árið var reynt að safna í brennu fyrir vestan Hríbrúarbæinn þar sem útsýni var gott, m.a. alla leið til Reykjavíkur. En viti menn, aftakaveður gerði um kvöldið, fáir komust alla leið að brennunni og lúðrasveitin, sem nú fór ört stækkandi, lék áramótalögin inni í Dalsgarði.

Þá var það að þeir Fróði og Óli á Hríbrú ákváðu að færa brennuna niður að Köldukvísl við brúna. Þar var hún komin á botninn í orðsins fyllstu merkingu því neðar var víst ekki hægt að komast í Mosfellsdal. En viti menn, þetta brennustæði reyndist ljómandi gott, veður þar var betra og þangað komust allir bílar. Þá fyrst varð dalbrennan að þessari einstöku, árlegu samverustund í Mosfellsdal. Lúðrasveitinni óx fiskur um hrygg og kom sér upp alþekktu nafni og það brakaði og og brast í brennunni og lúðrunum til skiptis. Eitt gamlárskvöldið eftir velheppnaða brennu varð Óla á Hríbrú að orði:

„Ja, þegar ég og Fróði leggja saman í eitt þá verður útkoman góð!“

En brennan á Hríbrúareyrum rann sitt skeið eins og annað. Það sýndi sig að það gat verið harla blautt

við brennuna þar og því var brugðið á það ráð að flytja hana á eyrarnar við Lund og þar virðist vera komið hið ágætasta brennustæði. Ekki spillir að við höfum nú á að skipa röggsumum og góðum brennustjóra sem er Guðvarður Hákonarson. Nánast hver einasti dalbúi mætir á brennuna og lúðrasveitin Brak og brestir er að sjálfsögðu fastur liður. Á síðasta gamlárskvöld var dreift söngtextum meðal fólksins svo allir gátu tekið undir í áramótalögunum. Þess má síðan geta að lokum að

bæjarstjórnin hefur nú úthlutað Bakka-kotsvelli svæðinu þar sem brennan hefur verið haldin undanfarin ár. Það var hins vegar upplýst á aðalfundi Víghóls nú í janúar að brennan geti verið áfram á þessu svæði þótt það þurfi væntanlega að færa hana eitthvað um set. Svo það lítur út fyrir að dalbúar geti áfram fjölmennt á sína vinsælu áramótabrennu og sungið við raust „Nú er glatt í hverjum hól” og „Nú er sumar!”

Snorri Gíslason

Úr gömlu bréfi

Guðmundur Þorláksson, sem jafnan var kenndur við Seljabrekku, bjó um hrið á Minna-Mosfelli en þar kom að hann reisti ásamt konu sinni Bjarnveigu Guðjónsdóttur nýbýli ofan Mosfellsdals. Það var byggt úr Mosfellslandi og Mosfellstaður átti tvö sel þar skammt frá sem hétu Jónssel og Markúsarsel. Fyrsta sumarið bjuggu þau Bjarnveig og Guðmundur í tjaldi á meðan þau voru að koma sér þaki yfir höfuðið.

Þetta var árið 1935 og nú þurfti að velja nýbýlinu nafn. Ýmsar tillögur bar á góma, m.a. Heiðardalur og Jónssel. Til er gamalt bréf sem Guðmundur ritaði til hreppstjórans sem þá var Björn Bjarnarson í Grafarholti og þar veltir hann fyrir sér nokkrum nafngiftum. Hann segir:

„Við nánari athugun sá ég að Heiðardalur var ekki réttnefni hér. Heiðin byrjar ekki fyrr en austan Leirvogsvatns og Jónsselið er fremur dæld en dalur. Auk þess er nafnið

fremur kuldalegt, minnir helst á óbyggð og fjarlægð frá gróðri sveitanna. Heiðardalur væri fremur réttnefni á lægðinni vestan Klífs, milli Leirvogsvatns og Geldingatjarnar. Þar eru samfelldar valllendisflatar, mjög auðunnar til ræktunar og ekki ósennilegt að þar eigi eftir að rísa upp býli. Ég held að Seljabrekka sé hér mesta réttnefni. Brekkan hingað upp sú lengsta og brattasta á nýja Þingvallaveginum, og bærinn stendur í halla, nokkuð líkt um vegalengd til beggja seljanna, þó heldur lengra til Jónsselstöpta. Í Markúsarseli hefir verið miklu meiri byggingar, og mér þetta nokkur rök til nafnsins.”

Þetta bréf ritaði Guðmundur á sumardaginn fyrsta árið 1935 og upp frá þessu voru þau hjónin ævinlega kölluð Bjarnveig og Guðmundur í Seljabrekku. Þau bjuggu þar um áratugaskeið.

BB / GSJ

Sumarið í dalnum 1942

eftir Theódóru Thoroddsen

Sumarið 1942 dvaldist ég á Lundi í Mosfellsdal hjá þeim Gyðu frænku minn Briem og Guðmundi Þorkelssyni sem þar bjuggu. Tilgangur dvalarinnar var að Ásthildur einkadóttir þeirra hefði félagsskap af mér og ég af henni. Þá var ég 11 ára.

Við vorum sex í heimili þetta sumarið: Þau hjónin, Dússa, eins og dóttirin var kölluð ég, stúlka frá Skeggjastöðum er Guðlaug hét og „altmuligmand“ Karl að nafni en hans embætti var að standa í byggingarframkvæmdum svo sem að stækka íbúðarhúsið o.fl.

Við Dússa lékum okkur mikið utandyra, við vorum með stórt „bú“ úti í móa. Sennilega höfum við verið eitt-hvað á undan tímanum með íhugun eða jóga því við stóðum langtímum saman á haus, sín á hvorri þúfunni, horfðum á skýin og hugsuðum sitthvað um lífið og tilveruna. Enn fremur fylgdumst við með uppvesti mófugls-unganna eins og börnum er títt.

Gyða frænka var höfðingi í lund og leið mér vel á þessum bæ. Guðmundur var alla virka daga í bænum í vinnu, mig minnir að hann

hafi verið í fasteignabransanum. Einu sinni koma kona af einum bænum og dvaldist nokkra daga við sauma. Hún kom með saumavélina sína með sér og saumaði alla daga, hvað eina sem til féll, m.a. sparikjól á Dússu og annan á mig sem mér þótt mikið til um. (Ef til vill var þetta Jórunn Halldórsdóttir frá Bringum sem var annáluð saumakona hér í sveitinni og ævinlega kölluð Jórunn saumakona. Innskot ritstj.)

Mig minnir að það væru tveir sumarbústaðir nærri Lundi. Annan átti Jón Sigurðarson frá Kaldaðarnes. Hann hét Sólbrekka en hinn átti Eldeyjar-Hjalti og hét hann Hjaltastaðir.

Á Mosfelli var stórt steinhús, prestshúsið, en síðan var þar annað íbúðarhús þar sem bjuggu þau Kristinn og Halldóra þau ágætu hjón. Hjá þeim var ungur frændi Guðmundar sem hét Þorkell Valdimarsson en betur þekktur undir nafninu Keli Valda. Hann var kúasmali með meiru.

Einu sinni um mitt sumar kom Keli í heimsókn að Lundi. Guðmundur sagðist verja að fara til Ameríku en þá var slíkt ferðalag jafnt og að fara til tunglsins í dag. Keli vildi ekki trúa og leikur þeirra frænda var óborganlegur. Gvendur kleip í Kela og spurði:

Trúir þú nú?

Nei.

Guðmundur kitlaði strák en ekki trúði Keli. Að endingu stakk Gvendur höfðinu á Kela undir kalda kranann og eftir dágóða stund sagðist strákur trúa á



Ameríkuför. Eftir þurrkun og dálítið súkkulaði til sátta kvaddi Keli og hjóþ áleiðis að Mosfelli en þegar hann var kominn úr færi kallaði hann hátt:

-Ég trúi aldrei á Ameríkuför!

Nú dvelur hann sjálfur eftir langa þrautargöngu í lífinu í Ameríku og vona ég að honum líði vel í ellinni.

Á þessum tíma voru Jónas Sveinsson læknir og fleiri með stórt kúabú í Laxnesi. Þar var ráðsmaður og búinu fjarstýrt frá Reykjavík. Stefán Þorláksson átti þá heima í Reykjahlíð og kom oft í heimsókn. Við sóttum daglega mjólk að Minna-Mosfelli til Skarphéðins bónda. Hann átti það til að stunda klæðaburð frá fyrri tímum þ.e. hann gekk til verkanna á ullarnærbrók og þótti mér það sérkennilegt.

Einn daginn, þegar við Dússa vorum í hugleiðslu á höfði á þúfnakollum, ók hver herflutningabíllinn á eftir öðrum í gegnum Lund. Okkur fannst þetta vera endalaus bílalest.

Töluveður samgangur var á milli Lundafrólks og fólksins á Brúarlandi en þar bjuggu Lárus Halldórsson skólustjóri og Kristín Magnúsdóttir, mikið var það góð kona, og gaman að fara í heimsókn þangað. Á Brúarlandi var skúr byggður við húsið til austurs og þótti mér ægilegt hversu huguð við krakkarnir vorum er við hoppuðum af skúrpakinu og niður á jörðina. Seinna fannst mér síður til þess koma því

kofinn var svo lágur. Strákarnir á Brúarlandi þóttu mér skemmtilegir og var margt brallað. Mestur var sálarfiðringurinn er þeir höfu álaveiðar sem þeir voru snillingar í. Þeir höfðu einhvern veginn komist yfir járnror sem þeir settu á mikilvægan stað í læknum. Síðan var beðið dágóða stund, gripið fyrir báða enda rörsins, hlaupið með það burt frá læknum og hellt úr því. Mikil hlátrasköll og læti upphófust þegar álararnir skriðu á feiknaspretti yfir þúfur og börð og höfnuðu að lokum aftur í læknum sínum.

Að sjálfsgöðu var gerður út leiðangur nokkrum sinnum upp að Tröllafossi og þótti okkur kalt að vaða yfir ána en létum okkur samt hafa það.

Einu sinni fóru þeir félagarnir Stefi og Guðmundur Þorkelsson áleiðis veginn upp fyrir Laxnes. Við Dússa fengum að fljóta með og þar kom á móti okkur bóndinn í Seljabrekku. Mér finnst þeir hafa verið að undirbúa sumarþústaðalóðir á þessum slóðum. Þeir hafa verið á undan sínum tíma því hugmyndin var að þarna risi hverfi með tilheyrandi þjónustu. Þetta varð nú aldrei að veruleika og ekkert hús sést enn þá þar sem þústaðirnir áttu að rísa.

Mér er þessi sumarpartur í góðu minni enda gott og elskulegt fólk sem ég dvaldi hjá.

Theódóra Thoroddsen

INGA ELÍN

VINNUSTOFA ÁLAFOSSVEGI 18
GALLERÍ SKÓLAVÖRÐUSTÍG 5



Aðalfundur Víghóls

Aðalfundur Víghóls fyrir árið 1996 var haldinn 21. janúar 1997 í Golfskálanum á Bakkakotsvelli. Vel var mætt, alls komu 25 dalbúar á fundinn. Stjórnin var endurkjörin en í henni sitja Auður Eiríksdóttir formaður, Sigurður Skarp-héðinsson gjaldkeri, og Ásgerður Gísladóttir ritari.

Í gróðurnefnd voru endurkjörin þau Gísli Jóhannsson Hveramýri, Guðný Halldórsdóttir Melkoti, Andrés Ólafsson Hrísrú, Ásgeir Indriðason Arkarholti 14 og Þorkell Jólsson Túnfæti.

Formaður veitu- og umhverfis-nefndar Mosfellsbæjar, Guðný Halldórsdóttir, kynnti áætlanir Reykjavíkurborgar um lagningu háspennulínu frá Nesjavöllum og aðveitustöð sem rísa á í Mosfellsdal. Eftirfarandi ályktun var gerð á fundinum og send borgarstjórn Reykjavíkur, fjölmiðlum, bæjarstjórn Mosfellsbæjar, Alþingi, Skipulagi Reykjavíkurborgar og Rafmagnsveitu Reykjavíkur:

Mosfellsdal 21. janúar 1997.

Félag Dalbúa mótmælir harðlega fyrirhugaðri háspennulínu á vegum



**MOSFELLS
APÓTEK**

Reykjavíkurborgar frá Nesjavöllum yfir Mosfellsheiði og um Mosfellsdal og staðsetningu væntanlegrar aðveitustöðvar sem reisa á vestast í dalnum inni í miðri íbúðabyggð.

Sunnanverð heiðin er þegar þétt- ofin raflinum og það er óskiljanlegt hvers vegna engin áform eru uppi um að koma þeim í jörðu í stað þess að bæta við risamöstrum. Almennigur þessa lands hefur hingað til verið ofurseldur valdi veitustofnana sem hafa haft sjálfðæmi um tilbögun framkvæmda en ekki haft fagurfræðilegan neista til að bera og er árangur eftir því.

Það er krafa félagsins að nýja lögnin fari öll í jörðu, a.m.k. í landi Mosfellsbæjar frá Borgarhólum að Korpu og að Sogslína 1, sem hefur legið í gegnum byggðina í fjóra áratugi, verði tekin niður. Það er einnig krafa félagsins að vegur sem verður lagður meðfram lögninni verði lokaður allri almennri bílaumferð en afar slæmt ástand er meðfram eldri línuvegum á heiðinni því slóðir af þessum toga bjóða upp á óvandaðan utanvega-akstur.

Það er von félagsins að borgarstjóri taki þessa málaleitan til athugunar og brjóti þar með blað í umhverfismálum höfuðborgarinnar.

*Samþykkt á fjölmennum
aðalfundi Víghóls,
íbúasamtaka í Mosfellsdal.*

Hvað á áin að heita?

Eitt er það sem undirrituðum pykir alltaf jafn skemmtilegt en það er að ræða við dalbúa af eldri kynslóðinni og spyrja þá um nöfnin á ánum tveimur sem renna eftir endilöngum dalnum. Það skemmtilega er að nánast engum ber saman um hvaða nafn þær bera.

Upp koma tvö nöfn á ánni sem rennur norðan megin í dalnum, þ.e. Norðurá og Kaldakvísl. En á ánni, sem rennur sunnan megin, er a.m.k. til þrjú nöfn, þ.e. Suðurá, Norður-Reykjaá og Reykjaá. Ég ræddi þessi mál við hana Hlíf frænku mína sem lengst af bjó á Æsustöðum en hún heldur því fram að þær heiti Suðurá og Norðurá en Kaldakvísl eftir að þær koma saman.

Jóel vinur minn í Reykjahlíð telur (án þess að halda því stíft fram) að þær heiti Kaldakvísl að norðanverðu en Norður-Reykjaá að sunnan. Hann telur það stafa af því að alltaf hafi verið heitara vatn í syðri ánni og hafi mátt sjá reyk stíga upp af henni en aldrei upp af Köldukvísl.

Afi minn, Steinar Guðmundsson, segir að nóbelskálðið hafi aldrei viðurkennt annað en að nyrðri áin heiti Kaldakvísl alla leið upp úr.

Pegar landabréf og kort eru

skoðuð ber þeim sjaldnast saman, eins er með ferðabækur og önnur rit sem ég hef fundið og sjálfsagt er til fólk sem þekkir fleiri nöfn á þessum ám.

Ekki ætla ég mér að segja hvað er rangt og hvað rangt í þessum málum og er ég sammála Jóel sem sagði að best sé að leyfa fólki að kalla árnar það sem það vill. Þá líður því best..

Ég held að að oftast hafi það verið þannig með örnefni. Jóel telur t.d. að Víghóll hafi einhvern tímann heitið Kvíahóll vegna kvíanna fyrir neðan hólinn. En það getur hins vegar vel verið að einhver eða einhverjir hafi verið drepnir þarna og hann heitið Víghóll eftir það. Að minnsta kosti heitir hann Víghóll í hugum flestra dalbúa í dag.

Fróði í Dalsgarði sagði mér frá því að hann hefði einhvern tímann heyrt Æsustaðafjallið kallað Æsufell og sér hefði ekki þótt það ólíklegt vegna hinna fellanna, þ.e. Mosfell, Grímannsfell og Helgafell sem öll umlykja dalinn.

En munið það sem Jóel sagði: „Kallið þetta það sem pið viljið; þá líður ykkur best!“

Snorri Gísla



ABSALON
Hársnyrtistofa

Urðarholti 4 - Sími 566 8500

Landsynningur með steypiskúrum

**Veðurathuganir í Mosfellsdal fyrir 140 árum
eftir Guðjón Sigþór Jensson**

Í mars 1857 varð eftirminnilegur atburður á Mosfellsheiðinni þegar 6 vermenn létust úr vosbúð og kulda á leið vestur í verið. Sóknarpresturinn á Mosfelli, sr. Magnús Grímsson, hélt þvilika útfararræðu eftir þá að lengi var í minningu samtíðarinnar, svo hugnæm var hún.

Þessi afdrifaríki atburður hefur væntanlega setið lengi í Magnúsi. Hvað er nærtækara vísindamanni en að afla upplýsinga til að unnt sé að gera sér betri grein fyrir eðli veðursins? Næsta haust hefur Magnús komið sér upp hitamæli til þess að hefja veðurathuganir á Mosfelli. Hann var ekki síður vísindamaður á sviði raunvísinda en hugvísinda og ber þýðing hans á eðlisfræði merki þess að hann hefur verið einn fremsti maður á Íslandi í þeirri vísindagrein.

Á Landsbókasafni, í þeim hluta handritadeildar sem kenndur er við Jón Sigurðsson forseta er veðurathugunarsyrpa sr. Magnúsar frá árunum 1857 og 1858. Hann hóf athuganir sínar þann 17. nóvember 1857 og mælir

hann hitastigið þrisvar á dag: kl 9. fyrir hádegi, kl 12 á hádegi og aftur kl 15. Hitamælirinn var af Remour-gerð, þ.e. frostmark er við 0 gráður eins og á Celsius-mælum, en suðumark við 80 gráður.

Verður því að margfalda allar hitastigstölur undir eða yfir núllgráðum með stuðlinum 1.25 til að fá sambærilegar gráður á Celsius.

Snúum okkur nú að veðurathugunum Magnúsar:

17. nóv. kl. 9 f.m. kl. 12 kl. 3 e.m.
+6 +6 +6,5 Vindur SSA en gekk með kveldi til SAS. Vindur hægur.

18. nóv. +5 +5 +5 Vindur á land-sunnan goluwindur þurr. Um nóttina sterkur landsynningur með steypiskúrum. Sneri sér fram úr dagmálum til landnorðurs, aldrei hvass með regnskúrum hægum, - alskýjað.

19. nóv. +6 +6 +5 Vindur á land-norðan, hægur og logn, stundum ýranda regn oftar, um miðdegið þéttar skúrir. Um kvöldið sá stjörnur. Um daginn alskýjað.

20. nóv. +2 +2,5 +2 Góðviðri, regn-laust, alskýjað nærri logn - andvarinn á útsunnan. Andvarinn kl 12 á land-norðri, þurrt alskýjað.

21. nóv. 2,25 +0,25 +0,75 Um nótt-

Verið velkomin



Starfsfólk Íslandsbanka Mostellsbæ

Þverholt 6 • 270 Mostellsbæ • Sími 5-666080

20. $+2^{\circ}$ $+2\frac{1}{2}^{\circ}$ $+2^{\circ}$	um vísuvarsa og þessu. um lang- gæðir, regnláust, afbýja, nýrri lagn- andræmin á útbrennan, andræmin kl. 12 f.m. á landuðum. þessu afbýja.
21. $+2\frac{1}{4}^{\circ}$ $+3\frac{1}{4}^{\circ}$ $+3\frac{1}{4}^{\circ}$	Um nóttina lýgn og regn mikið. Síð regn erum morguninn í logni. Um dagmálin og í því blærin á vestan. Kl. 10 f.m. snjóði á fjölli, en festi ekki í byggð fyrir en kl. 12 f.m. Kl. 5-6 gekk vindur. Austur landsuður, hvass en þurr frá kl. 3 e.m. Sáust stjörnur. Um kveldið þurr Um nóttina þurr. Stærðin á Austur landsuðum. Um morguninn heitir. Gólafríðir á Austur landuðum. Um kveldið á morgun, heit vindur. Sáum þessu og um kveldið heitir, lýgn, stórir andræmin á landuðum. Kveldin, Um nóttina heit, lýgn, þessu. Um morguninn einn, andræmin á landuðum. Lagn um miðdegis. Síð lagn. Lagn um kveldið heit. Síð, þessu. Síð, þessu. Síð, þessu. grænleik, lýgn, um þessu lagn frá afbýja, en útskrift (Vindur, þessu, um kl. 3 e.m.)
22. -1° $+1\frac{1}{2}^{\circ}$ $+2^{\circ}$	Um nóttina þurr. Stærðin á Austur landsuðum. Um morguninn heitir. Gólafríðir á Austur landuðum. Um kveldið á morgun, heit vindur. Sáum þessu og um kveldið heitir, lýgn, stórir andræmin á landuðum. Kveldin, Um nóttina heit, lýgn, þessu. Um morguninn einn, andræmin á landuðum. Lagn um miðdegis. Síð lagn. Lagn um kveldið heit. Síð, þessu. Síð, þessu. Síð, þessu.
23. $+5^{\circ}$ $+3^{\circ}$ $+5^{\circ}$	Um nóttina þurr. Stærðin á Austur landsuðum. Um morguninn heitir. Gólafríðir á Austur landuðum. Um kveldið á morgun, heit vindur. Sáum þessu og um kveldið heitir, lýgn, stórir andræmin á landuðum. Kveldin, Um nóttina heit, lýgn, þessu. Um morguninn einn, andræmin á landuðum. Lagn um miðdegis. Síð lagn. Lagn um kveldið heit. Síð, þessu. Síð, þessu. Síð, þessu.
24. $+3^{\circ}$ $+3^{\circ}$ $+2\frac{1}{2}^{\circ}$	Um nóttina gótt veir lýgn, þessu. Um morguninn lagn, þessu. (Þessu þessu um nóttina frá kl. 3 e.m. kl. 9 f.m. $+3^{\circ}$). Síð lagn. Lagn. Andræmin um kveldið á landuðum. Þessu. Sá vísu og vísu þessu. Síð. Gótt kl. vestur um kveldið og dóttu þessu.
25. $+5^{\circ}$ $+3^{\circ}$ $+2^{\circ}$	Um nóttina þurr. Stærðin á Austur landsuðum. Um morguninn heitir. Gólafríðir á Austur landuðum. Um kveldið á morgun, heit vindur. Sáum þessu og um kveldið heitir, lýgn, stórir andræmin á landuðum. Kveldin, Um nóttina heit, lýgn, þessu. Um morguninn einn, andræmin á landuðum. Lagn um miðdegis. Síð lagn. Lagn um kveldið heit. Síð, þessu. Síð, þessu. Síð, þessu.

Síða úr veðurdagbókinni

ina lýgnt og regn mikið. Sá regn um
morguninn í logni. Um dagmálin og
úr því blærin á vestan. Kl 10 f.m.
snjóði á fjölli, en festi ekki í byggð fyrir
en kl 12 f.m. Kl 5-6 gekk vindur í
austur-landsuður, hvass en þurr frá kl.
3 e.m. Sáust stjörnur. Um kveldið þurr.
Þannig heldur Magnús áfram veður-

athugunum sínum á Mosfelli fram til
26. nóvember. Þá verður alllangt hlé á
athugunum Magnúsar enda hefur hann
viljað afla sér betri og nákvæmari
tækja.

Guðjón Sigþór Jensson



Sólbaðsstofan

Stjörnuljós

Bjargartanga 2 – ☎ 566 81 10

Hytta

Eins og flestir vita er fyrirhugað að nýr kirkjugarður komi að Mosfelli, suðvestan við núverandi kirkjugarð. Spildan, þar sem kirkjugaðurinn mun vera, hefur ævinlega verið kölluð Hytta eftir samnefndu býli sem stóð þar. Séra Bjarni Sigurðsson ritaði greinarstúf um þetta gamla býli á Dalalæðuna árið 1991 og verður hann endurbirtur hér í tilefni af því að nú mun þetta gamla hjáleiguland öðlast nýtt hlutverk:

Fyrir norðan Köldukvísl eru á Mosfelli 4 tünspildur, nokkuð aðgreindar. Sú sem er þeirra mest er um 3 hektarar og hefir frá fornu fari gengið undir nafninu Hytta. Þarna var fyrrum hjáleiga frá Mosfelli sem fylgt hefir dálítill grasnyt því seinasti ábúandi á þessu koti er sagður vera bóndi.

Menn hafa stundum velt því fyrir sér hvernig stæði á þessu nafni á hjáleigunni. Vafalaust er þó hér á ferðinni danska orðið hytte sem merkir kofi eða kot enda hafa sumir prestar ritað svo í sálmaregistri, Hytta.

Ekki leikur á tveimur tungum að kotið að tarna hefir verið lítið og kostarýrt, enda urðu fjölskyldurnar þar ekki mosavaxnar og vafalaust hafa ábúendur orðið að grípa í verk af bæ til að sjá sér og sínum farborða. Samt

þjó þarna 7 manna fjölskylda fyrir miðja síðustu öld, önnur en sú sem seinast bjó í kotinu.

Eftir heimildum að dæma hefir Hytta endanlega farið í eyði árið 1865. Á ofanverðu ári 1854 búa þarna hjón með 5 börn á aldrinum 2-13 ára en svo enginn ári seinna. Seinasti bóndi í Hyttu var Sæmundur Erlendsson en kona hans var Guðný Vigfúsdóttir. Bæði eru þau hálfbertug árið 1864. Vitnisburður þeirra hjóna er sá að þau séu bæði læs, þau séu ráðvönd, kunnátta þeirra beggja sé nægjanleg og bókakostur heimilins sé viðunandi og mun þar einkum miðað við guðsorðabækur. Tvö elstu börnin, 11 og 13 ára, eru og læs á bók.

Þau Sæmundur og Guðný bjuggu í Hyttu í örfá ár. Enginn veit nú um stundir hvaðan þess dalbúa bar að né hvert þau fara þegar þau hverfa út í sorta gleyskunnar. Vafalítið mætti þó fá nokkra vitneskju um þetta með yfirlegu. Enn þann dag í dag geta kunnugir bent á hvar litli bærinn þeirra stóð.

Eftirmáli. Nýr kirkjugarður á Mosfelli hefur jarðrask í för með sér og þess vegna kvöð samkvæmt lögum að gera fornleifarannsókn þar sem vitað er að byggð var á svæðinu. Grafið var í gamla bæjarhólinn á Hyttu síðastliðið haust og viti menn: í ljós kom hleðsla, væntanlega af bæjarvegg. Ákveðið hefur verið að gera ýtarlegri rannsókn næsta sumar og þá mun e.t.v. meiri mannvistarleifar koma í ljós frá tíð þeirra Sæmundar og Guðnýjar sem hurfu "út í sorta gleyskunnar".

**MARKAÐS
KJUKLINGAR**

Gerpúlver

í lausri vigt, í smápökkum til 1 og 2 Ɔ, einnig í glösum, ágætlega gott og ódýrt í verzlun

W. Fischer's.

Leirrör,

tvær stærðir, 6 þml. og 9 þml., eru hvergi eins ódýr og í verzlun

W. Fischer's.

Jörð til sölu.

Til kaups fæst jörðin Laxnes, beztá jörðin í Mosfellssveit, með mjög göðum kjörum. Á jörðunni er nýtt flúðarhús úr timbri, járnvarið; undir húsinu er steinlimdur kjallari og er í honum eldhús með stórr í og vænni eldavei, búr, geymsluhús og 2 svefnherbergi. Á gólfi yfir kjallaranum er gestastofa, svefnherbergi og forstofa, þar að auki baðstofa, svefnherbergi og eitt herbergi að auki. Efra loft er aftur alt rætlað til geymslu. Þar að auki fylgir jörðunni:

1. Timburhjallur, járnvarinn, með lofti.

2. Skemma með járnþaki og járnvörðum gaffi í annan endann.
3. Eldiviðarhús.
4. Heyhlaða, mjög sterk og traustlega byggð, járnvarin. Tekur fulla 300 hesta.
5. Fjós með járnþaki, tekur 5 nautgripi.
Áfast við það er:
6. Hesthús, sem tekur 2 hesta.
7. Fjánhús, 3 að tölu.
8. Hesthús 2.

Enn fremur er á jörðunni nýbyggð hrossarétt, sem tekur 800 hross.

Túnstæði er ákaslega stórt og getur túnið tekið miklum umbótum með litlum tilkostnaði. Utantúnslægjur eru bæði vallendi og mýri og engjavegur stuttur.

Beitiland fyrir sauðfé er afbragðs gott bæði stumar og vetur og hagarinn út af túninu.

Í Mosfellssveitinni eru sveitarþingssli mjög litil og í Reykjavík er markaður fyrir allar búsafurðir, enda þangað ekki nema 2—3 stunda reið frá Laxnesi.

Í Mosfellssveitinni er að byrja dagleg mjólkursala til Reykjavíkur.

Reykjavík 14. okt. 1903.

Páll Vídalín.

Ritstjóri: ÓLAFUR ÓLAFSSON.

Prentamiðja Reykjavíkar.

Gömul auglýsing

Eftirfarandi auglýsing birtist í tímaritinu Fjallkonunni 20.10.1903. Árið eftir fluttu hjónin Guðjón Helgi Helgason og Sigríður Halldórsdóttir að Laxnesi. Sonur þeirra, Halldór, var þá tveggja ára gamall. Hann átti eftir að verða heimsfrægur undir nafninu Halldór Kiljan Laxness.

ANNÁLL ÁRSINS 1996

ÞORRABLÓT 1996

var haldið í Kiwanishúsinu í Leirvogstungu þ. 3. febrúar og var vel mætt, bæði úr Mosfellsdal og Þingvallasveit. Skemmtunin tókst í alla staði vel og er fullur hugur í fólki að halda áfram að blóta þorra á komandi árum.

GRÓÐURREITIR.

Stjórn Víghóls stóð í viðræðum við kirkjunnar menn um framtíð Gvendarreits. Fullvissa fékkst hjá þeim séra Jóni Þorsteinssyni og Birni Ástmundssyni sóknarnefndarformanni að dalbúafélagið hefði áfram umráð yfir reitnum svo framarlega sem hugsað verður um hann.

Gísli í Hveramýri tók að sér snyrtingu, áburðargjöf og gras- og skordýraeitrun í gróðurretnum þetta árið og þarf að fylgja því vel eftir næstu ár. Þá tóku nokkrir Dalbúar þátt í gróðursetningu í hlíðum Æsustaðafjalls með Skógræktarfélaginu í júlí sl.

BRÉF TIL BÆJAR-STJÓRNAR.

Eftir aðalfund '95 sendi stjórn Víghóls bréf til bæjarstjórnar í Mosfellsbæ með óskum um úrbætur í dalnum. Eins og oft áður fór lítið fyrir skriflegum svörum, það virðist lítt tíðkað hér í bæ hvorki að fornu né nýju.

Viðbrögð voru samt allgóð og má sjá þess stað í Suðurá þar sem hún rennur hjá Brennholti. Þar voru settar stíklur, þannig að göngu- og hjólreiðarfolk kemst þar yfir þurru fótum.

Einnig hefur verið spennandi að fylgjast með framkvæmdum við göngu-

og hjólreiðastíg sem byrjað var á seint í haust og liggur frá Áslandi og inn í Mosfellsdal. Dalbúar eru að vonum ánægðir með þessar framkvæmdir og hugsa sér gott til glóðarinnar til að komast bíllausir á milli hverfa án þessa að verða úti á þjóðveginum.

Leiktæki eru komin í Gvendarreit og starfsfólk unglingavinnunnar sá um að slá grasflötina sl. sumar. Dalbúar eru að vonum þakklátir fyrir þetta.

Vonandi styttest í það að gert verði reiðfært undir brúna í Víðiroddanum, það verður miklu öruggara fyrir hesta og menn en að fara yfir þjóðveginn eins og nú er gert.

HVERFISFUNDUR

var haldinn á vegum bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þ. 3. des. í Golfskálanum á Bakkakotsvelli. Mæting var góð og urðu miklar umræður um ýmis mál milli dalbúa og embættismanna bæjarins. Almenn ánægja var með fundinn og mætti halda slíka fundi árlega til að stuðla að betra sambandi milli íbúa og bæjarstjórnar.

ÁRAMÓTABRENNNA.

Litlu munaði að áramótabrennan hefði verið blásin af. Nokkrir brúsar af framköllunarvökva höfðu verið settir á köstinn og þar sem slík efni teljast spilliefni er algjörlega ólöglegt að setja þau á brennu. Kæra þurfti til lögreglu til þess að losna við þetta og fá brennuleyfi. Vonar stjórn Víghóls að svona lagað komi ekki fyrir aftur.

Auður Eiríksdóttir